

Reukjavík, 27. mars 2019.


Til allra lionsklúbba í Fjölumdæmi 109.

Hjálögð tillaga til breytinga á 1. gr. Laga Lionsumdæmisins á Íslandi til samræmingar við hvernig Lionshreyfingin hefur notað skráningu sína í öllum atriðum.

Tillagan verður lögð fram á Fjölumdæmisþingi 26. apríl 2019 til samþykktar.

Með kveðju,

f.h. Laganefndar Fjölumdæmisins

A handwritten signature in blue ink, reading "Gissur Júní Kristjánsson". The signature is written in a cursive style.

Gissur Júní Kristjánsson, formaður.

Breytingartillaga á 1. gr. laga Lionsumdæmisins á Íslandi.

1. gr. orðist svo:

Heiti samtakanna skal vera Lionsumdæmið á Íslandi, sem er fjöllumdæmi Lions nr. 109, hér eftir í lögum þessum nefnt “lionsumdæmið.”

Lionsumdæmið nær yfir Ísland.

Greinargerð:

Ástæða þessarar breytingar er, að í framkvæmd hefur Lionshreyfingin á Íslandi notað nafnið Lionsumdæmið á Íslandi þrátt fyrir að lög hreyfingarinnar kveði á um í 1. gr. laganna að heiti “Lionshreyfingarinnar “skuli vera fjöllumdæmi Lions nr. 109”. Sú regla sem gildir um skráningu félaga almennt hér á landi er þessi: **Skráð heiti félaga verður alltaf að vera í samræmi við það heiti, sem er í samþykktum (lögum) félagsins.**


Í dag er það svo að

Allar skuldbindingar eru gerðar í nafni Lionsumdæmisins á Íslandi, en ekki fjöllumdæmis Lions nr. 109

Allar tilkynningar eru gerðar í nafni Lionsumdæmisins á Íslandi, , en ekki fjöllumdæmis Lions nr. 109

Lionsumdæmið á Íslandi kt. 640572-0889, en ekki fjöllumdæmi Lions nr. 109 kt. 640572-0889.

Í símaskrá er hreyfingin skráð Lionsumdæmið á Íslandi, , en ekki fjöllumdæmi Lions nr. 109

  
Gissur Júní Kristjánsson